



Jólamarkaður í Vaglaskógi

Laugardaginn 12. desember verður haldinn jólamarkaður í starfsstöð Skógræktar ríkisins í Vaglaskógi frá kl. 13 til 17.

Handverksfólk úr Þingeyjarsveit verður með fjölbreyttan varning til sölu. Einnig verður hægt að kaupa jólatré, greinar, arinvið og fleira úr Vaglaskógi. Nemendur úr Stórutjarnaskóla verða með kaffisölu fyrir ferðasjóð sinn.

Sjáumst í jólaskapi í skóginum!

Skógrækt ríkisins Vöglum og handverksfólk úr Þingeyjarsveit.



Frá Bókasafninu í Stórutjarnaskóla.

Bókaverðir hafa ákveðið að hafa notalega stund á safninu þriðjudaginn þann 15. des með kaffi, kökum, kertum og upplestri úr nýjum bókum.

Safnið er opið eins og vanalega, frá kl. 14:30 – 16:30, en upplesturinn verður frá kl 15:30- 16:30. Við vonumst til að sjá sem ykkur sem flest. Bókasafnið fer í jólafrí þann 18. des- 5. jan.

Með kveðju frá bókavörðum.

Kæru lesendur og auglýsendur



Hlaupastelpan kemur út á fimmtudögum og auglýsingum þarf því að skila á þriðjudögum **fyrir**

kl. 15:00. 😊

Síðasta Hlaupastelpan ársins kemur út 17. desember og jólkveðjur verða birtar þá.

ATH! Verð á auglýsingum

Verð hálsíðu er. kr.2900.-m.vsk
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk
Jólakveðja 1/3 síða kr 2500.-

Æska, ást og friður –

Tónlistardagskrá Framhaldsskólans á Laugum

Einni aukasýningu á tónlistardagskránni, Æska, ást og friður, undir stjórn Arnórs Benónýssonar hefur verið bætt við, þar sem sýningar féllu niður seinasta sunnudag og mánudag. Flutt verða lög úr ýmsum áttum, frá 1970-2013 og tengd saman með léttu spjalli.

Sýnt verður í **Þrottó** og sýnt verður
Föstudaginn 11. des kl. 20:00

Almennt miðaverð er 1500 kr

Eldri borgarar 1000 kr

Frítt inn fyrir börn á leikskóla- og grunnskólaaldri
Posi á staðnum

Vonumst til að sjá sem flesta

Aðstandendur sýningarinnar



Frá tónlistardeild Stórutjarnaskóla

Jólatónleikar

Jólatónleikar tónlistardeildar Stórutjarnaskóla verða í sal skólans föstudaginn 11. desember og hefjast **kl 13:30.**

Fjölbreytt og skemmtileg efnisskrá og jólahressing að loknum tónleikum. Allir hjartanlega velkomnir

tónlistarkennarar

Fréttatilkynning!

Stjórn Velferðarsjóðsins er þannig skipuð:

Sjórn sjóðsins skipa Örnólfur J. Ólafsson sóknarprestur á Skútustöðum, Sara Hólm frá Kvenfélagasambandi Suðurþingeyinga og Hulda Aðalbjarnardóttir fjármálastjóri Framsýnar.

Í úthlutunarnefnd sjóðsins eru: Dögg Káradóttir félagsmálastjóri Norðurþings, Auður Gunnarsdóttir Rauðakrossdeild Húsvíkur og sr.Sighvatur Karlsson sóknarprestur á Húsavík.

Við verðum sífellt að annast og viðhalda sjóðnum, þessu barni okkar, samfélaginu í heild til heilla og þá sérstaklega þeim sem minna mega sín. Það fer um milljón út á hverju ári úr sjóðnum og því ljóst að hann þarf sífellt að halda sér við svo að hann geti sinnt hlutverki sínu sómasamlega. Sjóðurinn hefur engar aðrar tekjur en þær sem velunnarar sjóðsins ljá honum og því þarf að halda á spöðunum. Allt starf við sjóðinn er unnið í sjálfboðavinnu og kauplaust.

Allt fé sem inn kemur rennur til samfélags okkar því til heilla.

Þeir sem vilja leggja þessu góða máli, sjóðnum lið, geta lagt inn á bankareikning sjóðsins í Sparisjóði S-þing: 1110-05-402610 og kennitalan er 600410-0670

Aðstandendur sjóðsins þakka af alhug öllum þeim fyrirtækjum, einstaklingum félögum og stofnunum sem hafa lagt sjóðnum lið á undanförunum árum. An ykkar aðstoðar gengi þetta ekki. Hafið þökk fyrir hlýhug í garð sjóðsins í gegnum tíðina.

Megið þið öll eiga gleðilega aðventu og jóla.



Kæru sveitungar

Í aðdraganda jóla er upplagt að huga að eldvörnum á heimilinu.

Starfsmannafélag slökkviliðs Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar býður upp á öryggisbúnað og er hann til afgreiðslu á slökkvistöð á Laugum en einnig er hægt að koma honum í Stóru-tjarnir sé þess óskað.

Í boði eru:

Léttvatnsslökkvitæki 9 ltr.	Verð kr. 11.000-
Léttvatnsslökkvitæki 6 ltr.	Verð kr. 10.000-
Duftslökkvitæki 6 kg.	Verð kr. 7.000-
Elvarnarteppi	Verð kr. 3.500-
Reykskynjari	Verð kr. 2.000-
Rafhlaða í reykskynjara	Verð kr. 500-

Upplýsingar: Bjarni Höskuldsson S:866-0025
Með von um örugga og ánægjulega jólahátíð.

Starfsmannafélagið Eldibrandur



Aðventukvöld Einarstöðum

Aðventukvöld verður í Einarstaðakirkju næstkomandi sunnudagskvöld, 13. desember klukkan 20:00. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Jaan Alavere og nemendur Tónlistarskólans leika á hljóðfæri. Ræðumaður verður Aðalbjörg Pálsdóttir. Á eftir býður Kirkjukórinn í kaffi og kakó á Breiðumýri.

Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur.



Aðventukvöld Grenjaðarstað

Aðventukvöld verður á Grenjaðarstað næstkomandi föstudagskvöld, 11. desember klukkan 20:30.

Kirkjukórinn syngur undir stjórn Jaan Alavere og nemendur Tónlistarskólans leika á hljóðfæri og syngja. Ræðumaður verður Tómas Ingi Olrich.

Á eftir býður Kirkjukórinn í kaffi í Hlíðunni.
Allir velkomnir.
Séra Þorgrímur



Byggðir & bú
Suður-Þingeyinga

Jólagjöfin til vina í öðrum héruðum?

Fræðum um landið og fólkíð.

Byggðir&bú Suður-Þingeyinga 2005, 2 bindi
nú á jólatilboði, 5.000 kr.

Fæst í Sparisjóði Suður-Þingeyinga
og Búgarði Akureyri.

Nánari upplýsingar hjá Guðrúnu formanni
BSSP í síma 8954742

49.tbl.
10. des
2015
22. árg.

Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



Hálfir frostpinnar með daimkurli!

Stresslosandi skemmtun á suðupunkti aðventunnar!
Þú þarft á þessu að halda!

Tónleikar með jólalegu yfirbragði
í Þorgeirskirkju í Þingeyjarsveit
sunnudaginn 13.des kl 20:00
Boðið verður upp á kakó og smákökur
að lokinni dagskrá.

Fram koma Frostpinnarnir
Anna Sæunn Ólafsdóttir
Hjördís Ólafsdóttir
Ólafur Ólagsson

Auk frábærra gesta
Fanney Kristjáns Snjólaugardóttir
Daniel Starrason
Una Haraldsdóttir

Aðgangseyrir er 1500 kr.
en 1000 kr. fyrir námsmenn, öryrkja og eldri borgara
Frítt fyrir 6 ára og yngri